
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	69. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími:	Mánudagur 17. janúar 2000, kl. 13:00
Fundarstaður:	Rafmagnsveitur ríkisins, Rauðarárstíg 10
Fundarefni:	1) Staða skráningar ársins 1999. 2) Heimasíða START. 3) Stuðlar um afhendingu raforku. 4) Gæði raforku. 5) Skýrsla um truflanir 1997-99. 6) Forrit til skráningar truflana. 7) Þátttaka Rafveitu Akureyrar í starfinu. 8) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Guðmundur I. Ásmundsson

Rúnar Svavar Svavarsson

Pétur E. Þórðarson

Jakob Ólafsson

Ólafur Pálsson

Leó Már Jóhannsson

Rafmagnsveitur ríkisins:

Kjartan R. Árnason

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

- 1) JÓ sagði að lokið væri að skrá um 75% af truflunum síðasta árs hjá Orkubúi Vestfjarða. Hann sagði að stefnt væri að því að ljúka skráningunni fyrir lok febrúar. GIÁ sagði að skráningu síðasta árs væri að ljúka hjá Landsvirkjun og þau væru farin að huga að skýrslu um truflanir síðasta árs en þó yrði ekki farið að fullu í þá vinnu fyrr en búíð væri að fara yfir skýrslur síðasta árs. KRÁ sagði að hjá Rafmagnsveitum ríkisins hefðu skráningarmenn frest til 20. janúar til að ljúka við skráninguna. Síðan væri stefnt að því að ljúka við að ganga frá skráningunni í febrúar þannig að gögnin ættu að vera tilbúin í lok þess mánaðar. Varðandi árin 1997 og 1998 sagði hann að þeir hefðu lent í vandræðum með að reikna út skerðingu vegna þess að slíkt byggði á upplýsingum um raforkukerfið og þar hefði vantað gögn. Þeir eru nú búnir að meta skerðinguna þessi tvö ár og

munu senda gögn þessara ára með árinu 1999. Þeir eru að taka upp nýtt skráningarkerfi og þá verður gerð krafa um að skerðingin sé áætluð um leið og skýrslan er skráð. PEP sagði að viðhaldstilvikum hefði farið fækkandi eftir að skráningin komst á sem gæti m.a. stafað af því að menn gerðu sér nú betur grein fyrir áhrifum slíks á afhendingu til notenda. LMJ sagði að eftir væri að ganga frá 4 mánuðum á árinu 1999 hjá Hitaveitu Suðurnesja og hann taldi að einnig hefði eitthvað orðið eftir í fyrra varðandi 1998. Hann sagðist stefna að því að vera búinn að ganga frá skráningunni um miðjan febrúar. RSS sagði að búið væri að skrá skýrslur ársins hjá Orkuveitu Reykjavíkur og búið væri að fara yfir fyrstu 8 mánuðina. Hann sagðist stefna að því að ganga frá árinu fyrir lok febrúar.

- 2) JV sagði að frá síðasta fundi væri búið að bæta fundargerðum á heimasíðu hópsins, skýrslu Orkustofnunar um truflanir árána 1992-96 og nýjum útreikningum um kostnað vegna skorts sem byggðir eru á hagtölum fyrir árið 1996. LMJ spurði hvort skýrsla Landsvirkjunar væri ekki á heimasíðunni og hann benti einnig á að hann hefði ekki fundið START á leit.is. JV sagði að hún væri ekki þar vegna þess að um væri að ræða skýrslu Landsvirkjunar sem þá ætti heima hjá þeim en tengill gæti verið þangað af heimasíðu START. GIÁ taldi að þessi skýrsla væri á heimasíðu LV. Ákveðið var að ræða við SAMORKU um að tengill væri hjá þeim yfir á heimasíðu START og að þeir mundu vekja athygli á síðunni í fréttabréfi sínu.
- 3) JV sagði að drög að skýrslu um stuðla um afhendingu raforku hefðu legið fyrir í tæp tvö ár. Beðið hefur verið eftir gögnum til að setja inn í töflur en þar að auki ætlaði nefndin að fara betur yfir þetta mál þegar búið væri að ganga frá gögnunum. KRÁ sagðist sakna stuðuls um truflanir á notanda og einnig benti hann á samantekt um stuðla sem hann hafði fengið á ráðstefnu á síðasta ári. GIÁ sagði að í nágrannalöndunum væru menn að endurskoða þessa stuðla svo sem í Nordel samstarfinu. PEP benti á að með tilkomu nýs skipulags á raforkusviði gæti notkun slíkra stuðla aukist og því væri mikilvægt fyrir veiturnar að skoða þessa hluti vel nú. JV sagði að eftirlitsaðili í nýju skipulagi mundi örugglega leggja mikla áherslu á upplýsingar um truflanir og gæði raforkuafhendingar. Ákveðið var að setja inn ný gögn í greinargerðina þegar síðasta ár liggur fyrir að að fara síðan rækilega yfir hana.
- 4) JV dreifði einu blaði um þætti varðandi gæði raforku og kynnti það. Hann spurði síðan hvort hópurinn teldi rétt að hann tæki á fleiri þáttum varðandi gæði raforku en afhendingaröryggið. PEP taldi að hópurinn ætti að vera leiðandi á þessu sviði og að hann gæti þannig haft áhrif á þær kröfur sem yrðu settar

samhliða nýju skipulagi. Hann taldi mjög þarft að hópurinn tæki þetta að sér. GIÁ tók í sama streng og að þetta væri mál allra raforkufyrirtækja. Í nýju umhverfi geta þessir þættir verið söluvara. Hafa ber þó í huga að ekki sé víst að kröfur yfirvalda verið á sama veg og það sem hópurinn mun vinna og því ekki víst að starf hans nýtist. RSS taldi að þessi hópur væri tilvalinn til að taka á þessu. Hann sagði að kvartanir frá viðskiptavinum færu vaxandi en markaðsdeild Orkuveitu Reykjavíkur heldur utanum slíkt. ÓP benti á staðla um þetta efni en KRÁ sagði að það væri minnstu kröfur sem gerðar væru í Evrópu og eðlilegt væri að gera meiri kröfur hér. Á næsta fundi ætlar RSS að koma með upplýsingar um það hve mikið er um kvartanir frá viðskiptavinum Orkuveitu Reykjavíkur, GIÁ ætlar að athuga með það sem er að gerast hjá Nordel í þessum málum, JV ætlar að safna saman upplýsingum um gæði raforku og allir fundarmenn ætla að taka saman upplýsingar um tækjabúnað veitnanna til mælinga á gæðum raforku.

- 5) Lagt var til að Orkustofnun tæki saman skýrslu um truflanir á landinu árin 1997-99 og samþykkti ÓP það. Rætt var um hvaða meðaltöl ætti að sína þar og var ákveðið að vera með síðustu 8 ára og einnig hugsanlega síðustu 5 ár til samanburðar við síðustu skýrslu.
- 6) JV sagði að nú væru um 2 ár frá því að forrit til skráningar truflana var síðast lagfært. Hann sagðist hafa fengið ýmsar athugasemdir um lagfæringar, mest frá Ragnari hjá Orkubúi Vestfjarða. Samþykkt var að fara út í lagfæringar á forritinu og ætlar JV að taka saman upplýsingar um breytingar sem þarf að gera og ræða síðan við veiturnar um þessar breytingar og kanna hvort hugmyndir væru um frekari breytingar. GIÁ benti á að kröfur til truflanaskráningar hefðu verið að breytast á undanförunum árum og t.d. í Noregi væri búið að endurskoða skráninguna frá grunni út frá því hvað menn vildu fá út úr skráningunni. Danir hefðu einnig sett upp nýtt kerfi en þeir töldu sig ekki geta notað norska kerfið.
- 7) JV lagði til að Rafveitu Akureyrar yrði boðið að taka formlega þátt í þessu samstarfi og var það samþykkt og JV falið að útbúa bréf til að senda veitunni. PEP benti á að ítreka mætti þátttöku Rafveitu Hafnarfjarðar í þessu starfi þar sem nýr rafveitustjóri væri tekinn þar við.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum: Gæði raforku. Samstarf sem gæti verið á vegum START
hópsins. Eitt blað. (JV)
Tafla úr grein um gæði raforku varðandi þætti sem þar er
um að ræða. (KRÁ)